Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is

Desember 2018

HVATARBLAÐIÐ

Grímsnes- og Grafningshreppur
óskar íbúum sínum og gestum
Gledilegra jóla og
farsældar á nýju ári

Jólapistill

Senn koma jólin

Jólin er‘ að koma í allri sinni fegurð.
Ljósadýrð og kertaljós, lýsa upp allt húsið.
Hér heima alltaf er svo fallegt trúðu mér.
Á sjálfum jólunum, á sjálfum hátíðarjólunum,
fjölskyldan öll, saman komin er.
(Senn koma jólin, texti eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur)

Víst er það að jólin eru að koma í allri sinni dýrð, aðventan er gengin í garð og flestir farnir að huga á einn eða annan hátt að þessari fallegu fjölskylduhátíð sem framundan er. Eins og svo oft vill verða í síðasta mánuði ársins þá eru minningar um hið liðna okkur nærri og í hugum okkar gerum við upp atburði liðins árs. Það geri ég líka og vil ég því nota tækifærið og þakka hér með fyrir hönd E- listans þann stuðning sem okkur var veittur í sveitarstjórnarkosningunum í vor og þær góðu viðtökur sem við höfum fengið. Við hlökkum svo sannarlega til að vinna fyrir ykkur næstu fjögur ár og stuðla að því að gera gott samfélag enn betra. Síðustu mánuðir hafa fyrir mig persónulega verið lærdómsríkir og ég hlakka til að halda áfram að takast á við það spennandi verkefni að vinna að málefnum sveitarfélagsins jafnt innan sveitar sem utan.
Í ár var 20 ára sameiningarafmæli Grafningshrepps og Grímsneshrepps og hefur því verið fagnað með ýmsum viðburðum nú á haustmánuðum. Haldnir voru tónleikar fyrir íbúa sveitarfélagsins, leik- og grunnskóladeild Kerhólsskóla boðið á leiksýningar og núna síðast afmæliskaffi með ræðuhöldum og tónlistaratriðum. Sveitarfélagið hefur gengið í gegnum miklar breytingar á síðustu 20 árum en stendur í dag á styrkum stoðum sem gerir okkur kleift að halda útsvari í lágmarki en jafnframt að halda uppi góðri þjónustu við íbúa. Einnig er gaman að minnast á það að ljósleiðaraverkefnið virðist ætla að standast tímaáætlun og er áfangi 2 langt kominn sem þýðir að á nýju ári verður farið í áfanga 3 sem jafnframt er lokaáfanginn í að ljósleiðaravæða dreifbýli sveitarfélagsins.

Verzlunin
BORG

Vetraropnun
- Mánud. - fimmtud.: 11– 19
- Föstud., og laugard.: 11 - 20
- Sunnudagar: 12 - 18

VMISLEGT TIL FYRIR KATA JÓLASVEINA

Opnunartími um, jól og áramót

23. des. til 26. des. 11 - 21
31. des 11 - 23

Gleðileg jól !

Verið velkomin heitt á könnunni
☎ 486-4408

Jólabingó Kvenfélags Grímsneshrepps

Kvenfélag Grímsneshrepps hélt sitt árlega jólabingó laugardaginn 24.nóvember. Söfnuðust 300.000kr sem rann óskert í Sjóðinn Góða sem er samstarfsverkefni ýmissa félagasamtaka í Árnessýslu sem hefur þann tilgang að veita aðstoð fyrir jólahátíðina til handa þeim sem ekki eiga fyrir nauðþurftum.
Kvenfélagskonur þakka fyrir góða þátttöku og stuðning við þarft málefni fyrir jólahátíðina.

Jólakveðja Kvenfélag Grímsneshrepps

Árshátíð Kerhólsskóla

Árshátíð Kerhólsskóla
var haldin 21. nóvember síðastliðinn.
Nemendur tóku ,,Mamma mía" þema undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar.
Nemendur sömdu leikritin sín sjálf við þau lög sem þau fengu með aðstoð kennara.
Frábær sýning í alla staði og nemendur stóðu sig eins og hetjur.
Við viljum þakka foreldrum kærlega fyrir aðstoðina og var met áhorf hjá okkur þetta árið.

Samhliða því að huga að hinu liðna förum við jafnframt yfir með hvaða hætti við ætlum að taka á móti nýju ári. Sveitarstjórn samþykkti nýlega að frá og með 1. janúar 2019 verði mötuneyti Kerhólsskóla gjaldfrjálst bæði fyrir börn í leik- og grunnskóla og eldri borgara með lögheimili í sveitarfélaginu. Vonast sveitarstjórn til þess að með þessu skrefi sé annars vegar verið að jafna aðstöðu barna og fjölskyldna þeirra og hins vegar verði þetta til þess að hvetja eldri borgara til að koma og fá sér næringarríka máltíð með öðrum eldri borgurum og starfsmönnum sveitarfélagsins. Hugsanlega geti eldri borgarar sveitarfélagsins jafnframt í sömu ferð nýtt sér þá frábæru aðstöðu sem við höfum á Borg en samhliða gjaldfrjálsu mötuneyti verður nú frítt í Íþróttamiðstöðina Borg fyrir alla eldri borgara og öryrkja.
Þrátt fyrir að desember mánuður sé mörgum erilsamur þá megum við ekki gleyma að gefa okkur sjálfum og okkar nánustu tíma til að njóta samvista og gera það sem okkur finnst skemmtilegt, hvort sem það er að sitja heima við kertaljós og spila eða taka þátt í því frábæra félagsstarfi sem á sér stað í gegnum hin fjölmörgu félagasamtök í sveitarfélaginu. Það er nefnilega einu sinni þannig að til að félagsstarf virki þarf þátttöku íbúanna og ég vil því hvetja ykkur kæru sveitungar til að halda áfram að taka virkan þátt í samfélaginu og því sem þar er um að vera því án þátttöku og virkni verður lítið um viðburði og annað félagsstarf. Ég vil þakka öllum félagasamtökum og nefndum sveitarfélagsins fyrir þeirra vinnu í þágu sveitarfélagsins og íbúanna á árinu 2018, ef ekki væri fyrir ykkur væri samfélagið snauðara.

Að lokum vil ég þakka öllu samstarfsfólki mínu hjá sveitarfélaginu fyrir samstarfið á árinu og óska öllum sveitungum mínum og velunnurum Grímsnes- og Grafningshrepps gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

Nú þegar líður að jólum og áramótum er vert að minna á ferfætlingana. Þeir eru ekki allir jafn hrifnir af áramótunum og mannfólkið.

Girðingar þurfa að vera í lagi svo búpeningur sé ekki á vegunum og valdi ekki slysum í myrkrinu.
Huga ber að því að þau dýr sem ekki eru tekin á hús hafi aðgang að góðu skjóli og nægt fóður.

Munið einnig að öllum ber skylda til að láta vita ef grunur leikur á að eitthvert dýr hafi það ekki gott.

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

Saumakompan

Fataviðgerðir, gardínusaumur og ýmiskonar einfaldur saumaskapur

Gleðileg jól !

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS ALLAN SÓLARHRINGINN

ÁRTANGI

Blóm fyrir jólin!

Amarillis, Hyasintur,
Túlípanar &

FERSKAR KRYDDJURTIR

Opið verður alla virka daga frá 10-16 eða eftir samkomulagi.

Verið hjartanlega velkomin.

669-0108
694-8405

Gleðileg jól !

Þorrablót 2019

Voruð þið nokkuð búin að gleyma því,
Þorrablót 2019 verður haldið í Félagsheimilinu Borg
föstudaginn 1. febrúar 2019,
með öllu tilheyrandi.
Í byrjun janúar koma fleiri upplýsingar svo takið daginn frá og
búum okkur undir skemmtilega kvöldstund í góðra vina hópi.
Bestu kveðjur
Þorrablótsnefndin.

Afmælistónleikar

Þann 25. nóvember s.l. var íbúum sveitarfélagsins boðið á tónleika í tilefni af 20 ára sameiningarafmæli sveitarfélaganna Grafningshrepps og Grímsneshrepps. Tónleikarnir voru í umsjá Magnúsar Kjartanssonar íbúa og tónlistarmanns með meiru og tókust með eindæmum vel og var ekki annað að sjá en bæði íbúar og flytjendur hafi skemmt sér konunglega.

Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22
Föstudaga LOKAÐ
Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Gleðileg jól !

Um hátíðarnar.
Lokað verður á Þorláksmessu, Aðfangadag, Jóladag og Annan í Jólum.
Einnig Gamlársdag og Nýársdag.
Aðra daga er opið eins og vetraropnun segir til um.

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530



Tökum að okkur
STÓR og smá verk:

jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.

Gleðileg jól !

Jóhannes og Guðmundur
Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115
Email: verktaki89@gmail.com
Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðiþjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Gleðileg jól !

Austurvegi 6, 800 Selfoss

Afmæliskaffi

Fjallskil 2018

Reikninga vegna unninna fjallskila þarf að senda inn til skrifstofu Grímsnes– og Grafningshrepps í allra seinasta lagi mánudaginn 10. desember 2018

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

Jólaball

Hið árlega jólaball foreldrafélags
Kerhólsskóla verður haldið þann
19. desember kl. 13.00
í Félagsheimilinu Borg

Tónlistaratriði og dansað í kringum jólatréð.

Heitt jólakakó, pönnukökur og bakkelsi.

Allir velkomnir !

Jólakveðja frá Kvenfélagi Grímsneshrepps

Ágætu sveitungar, kvenfélagskonur og aðrir velunnarar félagsins.
Við óskum ykkur Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum fyrir þátttöku ykkar á Grímsævintýrum og annarri starfsemi félagsins á árinu sem er að líða.
Hlökkum til að sjá ykkur á nýu ári.

Kvenfélag Grímsneshrepps

Söngfjelagið kynnir með stolti áttundu jólatónleikana sína!
Þemað í ár kemur frá Suður-Ameríku og verða flutt tvö verk eftir argentínska tónskáldið Ariel Ramirez, annars vegar hin þekkta Kreólamessa „Misa Criolla“ og hinsvegar helgisagan um fæðingu Krists „Navidad Nuestra“. Þá verða flutt nokkur vel valin suðuramerísk jólalög. Samkvæmt hefð Söngfjelagsins verður einnig frumflutt nýtt íslenskt jólalag. Það er samið í suður-amerískum anda af Hjörleifi Hjartarsyni kórfélaga sem einnig er annar meðlima tvíeykisins Hundur í óskilum.
Suður-ameríska hljómsveitin INTI Fusion, ásamt hinni stórfenglegu brasilísku söngkonu, Bruna Santana, koma fram á tónleikunum, en hljómsveitin var einnig gestur Söngfjelagsins fyrr á þessu ári.
Haldnir verða tvennir tónleikar. Þeir fyrri verða í Skálholtskirkju laugardaginn 8. desember kl. 16:00 og þeir síðari í Langholtskirkju sunnudagskvöldið 9. desember kl. 20:00.
Miðaverð: 4500 kr.
https://tix.is/is/event/7127/lamadyrajol-/
Um INTI Fusion
Hljómsveitin INTI Fusion var stofnuð í Noregi árið 1988 og hlaut fyrstu verðlaun á Latin American Festival of Folk Music í Stokkhólmi strax árið eftir. Hljómsveitina skipa Salvador Machaca (charango og panflautur) og Edgar Albitres (söngur og flautur) sem koma frá Perú, Hector Meriles (gítar) frá Bólivíu, Carlos Jeldes (bassi) frá Chile, Héctor Novas (trommur) frá Argentínu og Vidar Ytre-Arne (fiðla) frá Noregi.

Áramótabrenna og flugeldasýning verður við golfvöllinn á Borg 31. des.

Kveikt verður í brennu kl. 20:30

Flugeldasala hjálparsveitarinnar Tintrons verður eins og vanalega **á Austurvegi 23 Selfossi.**

Styrkjum Björgunarsveitirnar.

Hjálparsveitin Tintron þakkar öllum fyrir góðar móttökur vegna sölu á neyðarkallinum.

Þökkum stuðninginn og sendum bestu óskir um Gleðileg jól !

HJÁLPARSVEITIN TINTRON

Skötuveisla !

Kæru sveitungar !

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður
verður með skötuveislu á
Þorláksmessudag í
Félagsheimilinu Borg kl. 11:30 – 14:00

Skata og saltfiskur ásamt
tilheyrandi meðlæti.
Kr. 2500,- á mann
kr. 500,- fyrir börn 6 - 12 ára
frítt fyrir börn 0 – 6 ára

Vekið bragðlaukana fyrir jólin
og mætið í skötuna.

Lionsklúbburinn SKJALDBREIÐUR

Gleðileg jól !

Hljómsveitarmeðlimir sækja
innblástur til Andesfjalla en einnig í evrópskan og afrískan menningararf.
Eftir að hafa unnið saman í yfir 25 ár hefur hljómsveitin þróað einstakan hljóm sem er mjög ólíkur öðrum hefðbundnum hljómsveitum sem spila tónlist frá Andesfjöllunum.
Sjá nánar á: http://www.intifusion.com/

FEÐGAR Á FERÐ Í JÓLAPAKKANN

Enn eru til nokkrir DVD diskar af Feðgum á ferð ef einhverjum vantar sem tækifærisgjöf eða kaupa sem jólagjöf fyrir jólin 2018, eða bara til að eiga. Um er að ræða þrjár þáttaraðir, alls 30 þættir af allskonar skemmtilegu efni, ekki síst úr sveitum landsins + 16 innslög af þættinum „Ísland í sumar“ frá sumrinu 2017. Diskur 1 (fyrsta og önnur þáttaröð, 20 þættir) kostar 1.500 krónur og diskur 2 (þriðja Þáttaröðin (10 þættir) + Ísland í sumar innslögin) kostar 1.500 krónur líka. **Kaupi fólk hins vegar báða diskana fara þeir saman á 2.500 krónur**. Hægt að kaupa beint af Magnúsi Hlyni á Selfossi með því að senda honum einkaskilaboð á Facebook (Magnús Hlynur Hreiðarsson), eða í gegnum netfangið, magnushlynurh@gamail.com

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.

BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Við viljum vinsamlegast benda fólki á að setja allt mýkt umbúðaplast í poka og binda fyrir áður en plastið er sett í tunnuna svo má setja brúsa lausa í tunnuna.

Við höfum talað um að hafa allt laust í tunnunni en það veldur því að plast fýkur þegar við erum að losa tunnurnar.

Plastumbúðir

• Plastpokar • Plastbrúsar s.s hreinsiefni • Plastdósir s.s. skyr, ís, smurostur • Plastfilma glær og lituð • Plastumbúðir s.s. utan af kexi og sælgæti • Plastbakkar • Plastflöskur s.s. sjampó og sósur • Frauðplastsumbúðir • Pokar utan af snakki